

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 6. ágúst 2019

Tilvísun: 201704007 / 3.1

Efni: Umsögn um auglýsta tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur auglýst tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2019-2029 með athugasemdafresti til 7. ágúst 2019. Skipulagsstofnun afgreiddi umsögn skipulagstillögunna samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þann 14. mars 2019.

Skipulagstillagan samanstendur af greinargerð, forsendu- og umhverfisskýrslu, kortblaði með sveitarfélagsuppdrætti-byggð í mkv. 1:50.000 og þéttbýlisuppdráttum af Árnesi og Brautarholti í mkv. 1:10.000, sveitarfélagsuppdrætti hálendi-afréttur í mkv. 1:100.000, öll gögnin dags. 2. maí 2019. Skýrsla um flokkun landbúnaðarlands, dags. 22. september 2017, er hluti skipulagsgagna.

Skipulagsstofnun setti fram þó nokkrar ábendingar og athugasemdir í fyrrnefndri umsögn og hefur farið yfir auglýsta aðalskipulagstillögu með hliðsjón af fyrri umsögn stofnunarinnar. Í tillögunni hefur verið brugðist við athugasemdum stofnunarinnar að miklu leyti en ítrekuð eru eftirfarandi atriði sem bregðast þarf við áður en skipulagstillagan er tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Heimildir til gistipjónustu í frístundabyggðum og íbúðarbyggðum

Stofnunin benti á að setja þyrfti almenn aðalskipulagsákvæði um rekstur gististaða í atvinnuskyni í frístundabyggðum og íbúðarbyggðum. Við því hefur verið brugðist á bls. 11 með því að takmarka tegund gistipjónustu í frístundabyggðum við útleigu frístundahúsa, þ.e. við heimagistingu í flokki I og rekstrarleyfisskylda útleigu frístundahúsa í flokki II skv. reglugerð nr. 1277/2016. Skipulagsstofnun telur þetta til bóta en setja þarf skýrari ákvæði um umfang útleigu frístundahúsa í atvinnuskyni og um málsmeðferð við útgáfu rekstrarleyfa, sbr. einnig samþykkt sveitarstjórnar um að samþykki viðkomandi félags frístundahúsaeygenda sé forsenda rekstrarleyfis. Sjá nánar umsögn Skipulagsstofnunar frá 14. mars. sl.

Á bls. 9 í stefnu um gististaði í íbúðarbyggðum hefur heimildin verið takmörkuð við gististað „fyrir allt að 10 manns í flokki I og II“, þ.e. fyrir minna gistiheimili sem heimagisting eða sem minna gistiheimili í atvinnuskyni. Skipulagsstofnun hvetur sveitarstjórn til að skoða hvort ekki sé tilefni til að takmarka fjölda gististaða í hverju hverfi/ íbúðarbyggð eða setja viðmið um við hvaða aðstæður það er heimilt.

Votlendi og skógrækt

Á bls. 15 í stefnu aðalskipulagstillögunnar um atvinnusvæði segir: „Áform um framræslu eða endurheimt votlendis þarf að skoða í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. áhrifa á aðliggjandi jarðir. Í framangreindri umsögn Skipulagsstofnunar var bent á að votlendi 2ha og stærra nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og að taka þurfi fram að verndað votlendi verði ekki

framræst án brýnnar nauðsynjar ásamt ákvörðun um hvar votlendi verði endurheimt í staðinn. Við athugasemdinni hefur ekki verið brugðist að öllu leyti og því áréttar stofnunin að í tengslum við heimild til framræslu á votlendi þarf að taka fram að óheimilt er að raska vernduðu votlendi nema að brýna nauðsyn beri til, sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Skipulagsstofnun áréttar einnig að í skipulagsákvæðum hverfisverndar (bls. 47. í auglýstri tillögu) þarf jafnframt að koma fram að röskun votlendis stærra en 2 ha sé óheimil nema brýna nauðsyn beri til í stað ákvæðis um að „röskun votlendis sé óæskileg“.

Vakin er athygli á að áveitu- og framræsluframkvæmdir sem hafa áhrif á 3 ha svæði eða stærra eða slíkar framkvæmdir á verndarsvæðum, eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar, sbr. lið 1.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun áréttar að lagfæra þarf þar sem segir á bls. 18 að aðeins skógrækt yfir 10 ha sé háð framkvæmdaleyfi því öll skógrækt er háð framkvæmdaleyfi og ákvörðun um matsskyldu sbr. liði 1.06 og 1.07 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Samgöngur og vegir í náttúru Íslands

Ekki hefur verið brugðist við athugasemd Skipulagsstofnunar um að umfjöllun um niðurstöðu umhverfismatsins veiti engar upplýsingar um hver umhverfisáhrifin eru af færslu Skeiða- og Hrunamannavegar. Greina þarf með skýrari hætti frá áhrifum af færslu vegarins á þá umhverfisþætti sem við eiga á svæðinu.

Áréttað er að við flokkun vega í náttúru Íslands í vegaskrá þarf að taka mið af 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018, í byggð og á hálendinu. Gera þarf grein fyrir flokkuninni á uppdrætti og í greinargerð. Hafa þarf samráð um vegaskrána, við þá umsagnaraðila sem tilgreindir eru í reglugerðinni, áður en aðalskipulagstillagan er tekin til endanlegrar afgreiðslu auk þess sem vegaskráin er háð samþykki Umhverfisstofnunar á friðlýstum svæðum. Sjá nánar umsögn um vegi í náttúru Íslands í fyrrnefndri umsögn Skipulagsstofnunar.

Rafveitur

Brugðist er við ábendingu Skipulagsstofnunar um lagningu jarðstrengja minni en 33 kV með því að setja ákvæði um að lagning slíkra strengja skuli tilkynnt til skipulagsfulltrúa. Mikilvægt er að skipulagsfulltrúi hafi nauðsynleg gögn til að meta legu jarðstrengs og að framkvæmdaraðila sé ljóst að tilkynning geti leitt til frekari málsmeðferðar. Að mati stofnunarinnar þarf að setja skýrari ákvæði um lagningu jarðstrengja 33 kV, t.d. ákvæði sambærilegum þeim um stakar framkvæmdir. Í því felst að framkvæmdaraðili leggi fram gögn sem lýsi fyrirhugaðri framkvæmd og uppdrátt af lagnaleiðinni svo hægt sé að taka afstöðu til hvernig framkvæmdin samræmist skipulagi á framkvæmdasvæðinu, lögum um náttúruvernd hvað varðar verndarsvæði og lögum um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi, eftir því sem við á.

Verndarsvæði

Í kafla 2.7 segir að leita þurfi umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi eru veitt. Deiliskipulag er almennt grundvöllur leyfa til framkvæmda. Því á við að láta einnig koma fram að við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, skuli leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga um náttúruvernd.

Í kafla 4.5.2 eru sett fram ákvæði um hverfisvernd vegna náttúruverndar á hálendinu. Í kaflanum er jafnframt vísað til hverfisverndarákvæða í byggð í kafla 2.7.3 en óljóst er hvernig þau ákvæði eiga við hálendið og þarf því að skýra eða sleppa tilvísuninni.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendinu

Í aðalskipulagstillögunni er almennt ákvæði um að leyfilegt nýtingarhlutfall á afþreyingar- og ferðamannasvæðum á hálendinu sé allt að 0,03. Sem dæmi veitir það heimild til að reisa allt að 600 m² byggingarmagn í fjallaseljumum að Kletti og í Tjarnarveri, sem er allt að sexföldun á byggingarmagni frá því sem nú er, sbr. skýrslu Skipulagsstofnunar um mannvirki og þjónustu á miðhálendinu. Í tillögunni er auk þess gert ráð fyrir möguleika á að reisa hesthús á afþreyingar- og ferðamannasvæðum án þess að slík uppbygging hafi áhrif á leyfilegt byggingarmagn. Bent er á að í skýrslunni um mannvirki á miðhálendinu kemur fram að samanlögð meðalstærð bygginga í fjallaseljum á hálendinu er um 60 m².

Skipulagsstofnun bendir á að í aðalskipulagi er skýrara að fram heimildir um byggingarmagn á landnotkunarreitum í m² enn sem nýtingarhlutfall, auk þess sem óljóst getur verið útrá hvaða svæðisafmörkun nýtingarhlutfall er reiknað. Stofnunin hvetur til að sett verði sérákvæði um leyfilegt byggingarmagn á hverju svæði fyrir sig, þ.e. að sett verði fram stefna um umfang og yfirbragð á svæðunum til nánari útfærslu í deiliskipulagi með hliðsjón af viðkomandi umhverfisaðstæðum. Að öðrum kosti þarf að setja almennt ákvæði um hámarksbyggingarmagn í fjallaseljum annars vegar og á skálasvæðum hins vegar með hliðsjón af eðli og tegund ferðaðþjónustustaðarins. Ef halda á hesthúsum utan leyfilegs byggingarmagns á afþreyingar- og ferðamannasvæðum þarf að setja ákvæði um leyfilega stærð hesthúsa.

Skipulagsstofnun ítrekar að setja þarf skipulagsskilmála um uppbyggingu og yfirbragð á afþreyingar- og ferðaðþjónustusvæðunum innan friðlýsts svæðis í Þjórsárverum, þ.e. fyrir AF22 Tjarnarver og AF23 Setur.

Önnur atriði

Í eftirfarandi er minnt á önnur atriði sem bent var á í umsögn Skipulagsstofnunar 14. mars sl. en ekki hefur verið brugðist við. Lesa má nánar um viðkomandi atriði í fyrrnefndri umsögn.

Sveitarstjórn er hvött til að marka sér stefnu umfang uppbyggingar og yfirbragð á svæðum fyrir verslun og þjónustu í dreifbýli til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð (bls.22).

Í niðurstöðu um umhverfismat samgangna, í beinu framhaldi af umfjöllun um Hjálparfossveg, er fjallað um líkleg „áhrif vegarins“ og er þar átt við Skeiða- og Hrunamannaveg og því æskilegt að þar komi heiti vegarins fram.

Gagnlegt er, til frekari upplýsingar, að taka fram í kafla 4.1.4 um stakar framkvæmdir að leyfi til framkvæmda á þjóðlendum er háð leyfi forsætisráðuneytisins og einnig Umhverfisstofnunar á friðlýstum svæðum. Jafnframt er æskilegt að setja mynd 11 (afmörkun þjóðlendu) í forsenduhefti aðalskipulagsins inn í sjálfa greinargerðina til frekari upplýsingar um hvenær þörf er á að leita leyfis forsætisráðuneytisins vegna skipulagsgerðar og leyfisveitinga.

Ítrekað er að taka þarf út listann í kafla 4.4 yfir framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. framkvæmdir sem eru matsskyldar (A flokkur) eða tilkynningarskyldar (B og C flokkur), þar sem listinn er ekki tæmandi yfir þær framkvæmdir sem aðalskipulagið markar stefnu um.

Skýra þarf tilurð og hlutverk skýringaruppdrætta í viðauka, sjá nánar um skýringaruppdrætti í fyrrgreindri umsögn stofnunarinnar.

Umsögn sveitarstjórnar

Minnt er á að senda Skipulagsstofnun innkomnar athugasemdir og umsögn sveitarstjórnar við þeim, þ.m.t. við umsögnum fagstofnanna, þegar aðalskipulagstillagan er send til staðfestingar stofnunarinnar, sbr. einnig gr. 4.7.1 í skipulagsreglugerð.

Skipulagsstofnun óskar eftir að fá með innsendum gögnum rafrænt eintak þar sem gert er sýnilegt hverju hefur verið breytt í greinargerð eftir auglýsingu.

Hafdís Hafliðadóttir
Hafdís Hafliðadóttir

Afrit: Skeiða- og Gnúpverjahreppur